



## Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps

mánudaginn 9. júlí 2018 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnarsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt; Ingimar Ingimarsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Karl Kristjánsson. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 2 bls. rituð á tölvu.

Karl Kristjánsson sem aldursforseti setti fundinn og bauð fólk velkomið á fyrsta fund nefndarinnar á kjörtímabilinu. Karl spurði eftir öðrum málum, engin mál bárust, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1407010 - Kosning formanns og varaformanns nefndarinnar.

*Tillaga lögð fram um Karl Kristjánsson sem formann nefndarinnar og Jóhönnu Ösp Einarsdóttur sem varaformann nefndarinnar.  
Tillögurnar samþykktar samhljóða.*

Ný kjörin formaður tók við fundarstjórn.

#### 2. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 14. maí 2018.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 3. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 8. júní 2018.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 4. 1708019 - Aðalskipulagsbreyting vegna vegagerðar á Vestfjarðavegi 60.

Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 13. júní 2018, svar við beiðni um auglýsingu á skipulagstillögu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst.

*Nefndin leggur til að frestað verði auglýsingu á aðalskipulagsbreytingu vegna Vestfjarðarvegar 60 á meðan könnuð verði frekar svokölluð R leið sem Multiconsult mælti með í skýrslu sinni.  
Samþykkt samhljóða.*

#### 5. 1802002 - Breyting á deilikipulagi við Tröllenda, Flatey.

Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 26. júní 2018.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar.

*Skipulagið hefur verið auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.*

**6. 1505002 - Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kirkjubóls.**

Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 25. maí 2018.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins.

*Skipulagsfulltrúa falið að auglýsa skipulagið í B -deild Stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.*

**7. 1807011 - Úthlutun lóða í þéttbýli Reykhóla, stofnun lóða.**

*Vegna auglýsingar á úthlutun lóða í þéttbýli Reykhólahrepps. Nefndin gerir tillögu að stofnun lóða að Hellisbraut 40, 46 og 54. Skipulagsfulltrúa falið að stofna lóðirnar samþykkt samhljóða.*

**8. 1807012 - Húsnæðismál á Reykhólum.**

*Nefndin leggur til að sveitarfélagið fari í framkvæmdir við byggingu parhúsa við Hólatröð 5 og 7. Skipulagsfulltrúa falið að kanna alútboð vegna framkvæmdarinnar. Samþykkt samhljóða.*

**9. 1805012 - Slökkviskýli í Flatey, grenndarkynning.**

*Lagðar eru fram drög að teikningum af húsnæði og drög að lóð undir húsið. Skipulagsfulltrúa falið að grenndarkynna lóð og húsnæði og koma verkefninu áfram til úrvinnslu. Samþykkt samhljóða.*

**10. 1807013 - Hraðhleðslustöð í Bjarkalundi.**

Lögð er fram tillaga Orkubús Vestfjarða um byggingu hleðslustöðvar fyrir rafbíla í Bjarkalundi.

*Nefndin óskar frekari gagna og samþykki lóðarhafa fyrir framkvæmdinni. Skipulagsfulltrúa falið að afla gagnanna. Samþykkt samhljóða.*

**11. 1807015 - Hafnarsambandsþing 25.-26. október 2018.**

*Lagt fram og kynnt.*

**12. 1807014 - Viðbrögð við olíumengun.**

Heimsókn bresks sérfræðings um, viðbrögð við olíumengun, á vegum Umhverfisstofnunar.

*Nefndin leggur til að starfsmaður hafnarinnar sæki fundinn þann 17. júlí í Reykjavík. Samþykkt samhljóða.*

**13. 1805013 - Fundargerð 404. fundar Hafnasambands Íslands.**

*Fundargerð lögð fram til kynningar.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11.10**

---